

Miðvikudaginn 30. maí 1984.

Nr. 179/1983. **Guðni Stefánsson**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Gunnlaugi Óskarssyni

(Jóhann Þórðarson hdl.)

Víxilmál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 15. september 1983. Hann krefst sýknu af dómkröfum stefnda og að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að niðurstöðu til og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Áfrýjandi hefur eigi hnekktt þeirri frásögn stefnda, að gjalddagi víxla þeirra, sem um ræðir í málinu, hafi fyrir mistök verið skráður „12/6 1980“ og að honum hafi þegar í stað verið breytt í „12/9 1980.“ Stefnda var rétt að skrá útgáfudag og gjalddaga á víxlana, sbr. 10. gr. laga nr. 93/1933. Eru víxlarnir gildir að formi og afsagðir innan lögmæltra fresta. Ber því að staðfesta héraðsdóm að niðurstöðu til, en um vexti eftir uppsögu héraðsdóms fer svo sem segir í dómsorði.

Í máli þessu er verulegur vafi, og þykir rétt með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936 að kveða svo á, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, en vextir frá uppsögu héraðsdóms 26. júlí 1983 skulu vera 4.75% á mánuði til 21. nóvember 1983, 4% frá þeim degi til 21. desember 1983, 3.25% frá þeim degi til 21. janúar 1984 og 2.5% frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Svo sem í héraðsdómi greinir, er ósannað, að stefndi hafi haft heimild áfrýjanda til þess að rita orðin: „Án afsagnar“ á víxlana, en hann hefur viðurkennt að hafa ritað þessi orð á báða víxlana. Stefndi kveðst hafa ritað útgáfudag á víxlana um áramót 1979/1980, en gjalddaga og framangreinda áritun um afsögn í ágúst 1980. Hafi hann þá fyrst fyrir mistök ritað 12/6 1980 á báða víxlana, en breytt dagsetningunni 12/6 í 12/9 samstundis, er hann áttaði sig á mistökunum.

Í skýrslu, sem stefndi gaf í bæjarþingi Seltjarnarness hinn 25. febrúar 1981, kvaðst hann hafa í maí 1980 fengið ávísun frá samþykkjanda víxlanna með gjalddaga, að því er hann minnti, 20. júní 1980, en ávísun þessi reyndist honum gagnslaus vegna þess, að ekki var innstæða fyrir henni á bankareikningi útgefanda ávísunarinnar.

Fallast ber á þá niðurstöðu í héraðsdómi, að samþykkjandi víxlanna, Kristján Ólafsson, hafi afhent stefnda báða víxlana án skráðra útgáfudaga og gjalddaga og að stefnda hafi verið heimilt að skrá þá á víxlana. Það er viðurkennt af stefnda, að hann hafi ritað gjalddagann 12. júní 1980 á báða víxlana, en það var honum heimilt, sbr. 10. gr. víxillaga nr. 93/1933. Óumdeilt er í málinu, að stefndi breytti þeirri dagsetningu í 12. september. Með því að færa gjalddagann 12. júní inn á víxlana notfærði stefndi sér heimild þá eða umboð, sem hann hafði til þess að ákveða gjalddaga. Leggja verður sönnunarbyrði á hann um það, að breyting sú, sem síðan var gerð á skráðum gjalddögum víxlanna, hafi verið gerð samstundis til leiðréttingar á misritun, en ekki síðar til þess að afla möguleika til þess að fá gildar afsagnargerðir, er honum var ljóst, að orðin „án afsagnar“ mundu ekki duga honum til þess að halda víxilrétti á hendur áfrýjanda. Við mat á því á hvor málsaðilja eigi að bera sönnunarbyrði um þetta atriði, þykir verða að hafa í huga eftirgreind atriði:

1. Ávísun sú, sem stefndi tók við sem greiðslu frá samþykkjanda víxlanna, átti að greiðast í júnímánuði.
2. Áritun stefnda „án afsagnar“ á víxlana.
3. Að gjalddaginn 12. júní, sem stefndi taldi misritun, var settur

á báða víxlana og misritunin því tvöföld, en þetta átti að hafa skeð í ágústmánuði, þ.e. á öðrum mánuði eftir þá dagsetningu, sem sett átti að hafa verið fyrir mistök.

Stefnda hefur ekki tekist að sanna, að breyting sú, sem hann hefur viðurkennt að hafa gert á gjalddaga víxlana úr 12. júní í 12. september, hafi verið gerð af þeim ástæðum og með þeim hætti, sem hann greinir, og verður því að leggja til grundvallar dómi í máli þessu, að gjalddagi beggja víxlanna hafi verið 12. júní 1980. Afsögn hinn 15. september 1980 var því of seint gerð og ógild.

Samkvæmt því á stefndi ekki víxilrétt á hendur áfrýjanda, og ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnda í málinu.

Ég er sammála meiri hluta dómenda um, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður með þeim rökum, sem í dómi greinir.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 26. júlí 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 30. júní sl., hefur Gunnlaugur Óskars-son rafvirkjameistari, Safamýri 45, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, útgefinni 29. september 1980, á hendur Kristjáni Ólafssyni verslunarmanni, Látraströnd 5, Seltjarnarnesi, og Guðna Stefánssyni járnsmíðameistara, Hrauntungu 79, Kópavogi, til greiðslu in solidum á kr. 104.500,- með 4.75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 12. september 1980 til greiðsludags, kr. 105.60 í afsagnarkostnað, kr. 1809.- í stimilgjald og málskostnað skv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi Guðni krefst þess, að verða algjörlega sýknaður af kröfum stefnanda, og málskostnaðar að mati dómsins.

Stefndi Kristján hefur ekki tekið til varna í málinu, en stefnan var honum löglega birt hinn 11. október 1980.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á tveimur víxlum, sem báðir eru útgefnir og framseldir af stefnda Guðna og samþykktir af stefnda Kristjáni til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, Kópavogi. Annar víxillinn er að fjárhæð kr. 50.000.-, en hinn að fjárhæð kr. 54.500.-. Útgáfudagur beggja víxlanna er 4. janúar 1980 og gjalddagi 12. september 1980. Víxlarnir voru afsagðir sökum greiðslufalls 15. september 1980.

Fyrir ofan nafnritun útgefanda á víxlunum er skráð: „Án afsagnar.“

Í tilefni af kæru, er stefndi Guðni setti fram hjá rannsóknarlögreglu ríkisins vegna víxlanna, fór fram opinber rannsókn, sem leiddi til útgáfu ákæru hinn 6. apríl 1982 á hendur stefnanda, Gunnlaugi Óskarssyni. Mál, sem höfðað var á grundvelli þeirrar ákæru, var dæmt í sakadómi Reykja-

víkur hinn 23. febrúar 1983. Endurrit þess dóms hefur verið lagt fram í málinu.

Með ákærinni var stefnanda gefið að sök „skjalafals, með því að hafa sem víxilhafi tveggja víxla, sem útgefnir voru og ábektir af Guðna Stefánsyni, Hrauntungu 78, Kópavogi, en samþykktir af Kristjáni Ólafssyni, Látraströnd 5, Seltjarnarneskaupstað, til greiðslu í Útveggsbanka Íslands, Kópavogi, og voru að fjárhæðum kr. 5.000.000.00 og kr. 5.450.000.00, breytt efni þeirra þannig að fyrir ofan nafnritun útgefanda ritaði ákærði á víxlana áritanirnar „Án afsagnar“ og ofan í áritaða gjalddaga þeirra, sem verið hafði 12/6 1980, ritaði ákærði gjalddagana 12/9 1980, og þannig afhent víxlana í fyrrihluta september 1980 Jóhanni Þórðarsyni, héraðsdómslögmanni, Reykjavík, sem samkvæmt efni þeirra og að undangengnum afsögnum er fram fóru þann 15. september 1980 hóf innheimtuaðgerðir og málssókn gegn útgefanda víxlanna sem víxilskuldara ásamt samþykkinganda.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Í niðurstöðum dóms sakadóms Reykjavíkur segir: „Ákærði hefur borið, svo sem hefur verið rakið, að hann hafi ritað dagsetninguna 12.9. ofan í 12.6. sem hann hafi fyrst sett á víxlana sem misritun. Einnig hafi hann sett á víxlana áritunina „Án afsagnar“ með samþykki Guðna Stefánssonar.

Þegar litið er á framanrakta framburði Guðna Stefánssonar og Kristjáns Ólafssonar eru ekki efni til að hafna þeim framburði ákærða að hann hafi tekið við umræddum víxlum ódagsettum. Framburðir Guðna og Kristjáns um umtalaðan gjalddaga eru og ósamhljóða og á reiki. Verður því ekki séð að neitt liggja fyrir í málinu er hreki óbyggjandi framburð ákærða um hvernig það atvikaðist að hann ritaði töluna 9 ofan í töluna 6. Verður hann því ekki talinn sannur að sök um skjalafals með þessari breytingu.

Að því er varðar áritunina „Án afsagnar“ á víxlana ber að hafa í huga að víxlarnir voru engu að síður afsagðir. Ákærði notaði þessa áritun því ekki eða beitti henni fyrir sig í sambandi við innheimtu víxlanna. Hér gæti því ekki verið um fullframið skjalafalsbrot að ræða og verður ákærði þegar af þeirri ástæðu sýknaður af ákærinni að þessu leyti.

Samkvæmt framansögðu er ákærði sýknaður af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.“

Samkvæmt gögnum málsins afhenti stefndi Kristján stefnanda umrædda víxla í ársbyrjun 1980.

Í skýrslum sínum hér fyrir dóminum og hjá rannsóknarlögreglu ríkisins héldu stefndu því í fyrstu fram, að víxlarnir hefðu þá verið útfylltir að

öllu leyti og með gjalddaga 12.4. 1980. Þeim gjalddaga hefði verið breytt í 12.9. 1980.

Stefnandi hefur staðfastlega haldið því fram, að hann hafi bæði ritað útgáfudag og gjalddaga á víxlana, gjalddagann 12.9. 1980 hafi hann fært á víxlana seinast í ágúst það ár. Hann hafi fyrst skrifað 12.6., en leiðrétt það strax í 12.9. Hann kveðst hafa misritað 12.6., þar sem þessar tölur hefðu snúist í kollinum á sér. Við sama tækifæri kveðst stefnandi hafa skrifað á víxlana „Án afsagnar“ í beinu framhaldi af símtali, sem hann hafi átt við stefnda Guðna. Stefnandi kveðst síðan hafa farið með víxlana til Jóhanns Þórðarsonar héraðsdómslögmanns, sem hafi spurt, hvort einhver ábyrgð væri fyrir því, að útgefandi félli frá afsögn. Svo hafi ekki verið og víxlarnir því verið afsagðir.

Í dómi sakadóms Reykjavíkur kemur fram, að samkvæmt athugun tæknideildar rannsóknarlögreglu ríkisins á umræddum víxlum megi sjá greinilega á stækkaðri ljósmynd, að talan 9, sem táknar mánuð gjalddaga víxlanna, hafi verið skrifuð ofan í tölustafinn 6.

Í þeim dómi kemur einnig fram, að Atli Heimir Sveinsson tónskáld, Kleppsvegi 118, Reykjavík, hafi skýrt svo frá, að hann hafi séð umrædda víxla heima hjá stefnanda í ágústmánuði 1980, og minnti hann, að víxlarnir hefðu þá verið ódagsettir og það borist í tal milli sín og stefnanda.

Stefnandi kveðst hafa mátt setja útgáfudag og gjalddaga á víxlana að eigin vild. Hann kveður stefnda Guðna hafa samþykkt, að hann setti orðin „Án afsagnar“ á víxlana og það hafi átt að vera til að firra stefnda Guðna óþægindum.

Stefndu kveðast aldrei hafa heimilað stefnanda að breyta víxlunum eða fylla út í þá.

Stefnandi byggir kröfur sínar á umræddum víxlum og heldur því fram, að þeir séu fullgildir að formi og efni skv. 1. gr. laga nr. 93/1933. Stefnandi hafi fengið víxlana afhenta án útgáfudags og gjalddaga og nýtt sér heimild 10. gr. sömu laga til að fylla út þær eyður. Þeim dagsetningum hafi stefnandi getað ráðið að eigin vild. Sú athöfn að afhenda víxlana án útgáfudags og gjalddaga hafi veitt umboð til þess.

Þá heldur stefnandi því fram í samræmi við niðurstöðu dóms sakadóms Reykjavíkur, að víxlarnir séu ófalsaðir. Samkvæmt þeim dómi hafi efni víxlanna ekki verið breytt.

Kröfum sínum til stuðnings vitnar stefnandi loks til 28., 43., 48. og 49. gr. laga nr. 93/1933.

Af hálfu stefnda Guðna er því haldið fram, að umræddir víxlar séu ógildir gagnvart honum og því beri að sýkna hann. Hann hefur uppi varnir samkvæmt e-lið 1. gr. og 2. mgr. 208. gr. laga nr. 85/1936. Hann heldur því fram, að innihald víxlanna sé falsað, og ennfremur að form þeirra hafi

verið með þeim hætti, að víxlrétturinn hafi í öllum tilfellum verið ógildur gagnvart honum. Í fyrsta lagi er því haldið fram, að stefnandi hafi breytt gjalddaga víxlanna og ritað á þá orðin „Án afsagnar“ fyrir ofan nafn hans án samþykkis.

Í greinargerð sinni hélt stefndi Guðni helst, að upprunalegur gjalddagi víxlanna hafi verið 12.4. 1980, sem stefnandi hefði breytt í 12.9. 1980, er hann hafi gert sér grein fyrir því, að víxlarnir voru óafsaðir og því ógildir gagnvart sér. Hann hafi aldrei gefið stefnanda heimild til að breyta dagsetningu skjala þessara né heimilað honum eða einhverjum á hans vegum að rita á víxlana „Án afsagnar.“

Við munnlegan flutning málsins var hins vegar á því byggt af hálfu stefnda Guðna, að stefnandi hefði, eins og hann hefði sjálfur skýrt frá, breytt gjalddaga víxlanna í 12.9. 1980 eftir að hafa skráð á þá gjalddagann 12.6. 1980. Með því hafi stefnandi breytt efni víxlanna og kalla megi það fölsun eða eitthvað annað, sem þó hefði ekki verið talið refsivert í nefndum dómi sakadóms Reykjavíkur. Í öðru lagi er því haldið fram af hálfu stefnda Guðna, að þrátt fyrir fölsunina geti stefnandi ekki borið fyrir sig víxlrétt gagnvart honum og byggir á því, að stefnandi hafi sagt honum, að víxlarnir hafi verið ódagsettir, þ.e. án greiðsludags, og samkvæmt samkomulagi við samþykkjanda víxlanna, stefnda Kristján, haft heimild til að dagsetja þá að eigin vild. Stefndi Guðni hafi aldrei samþykkt það fyrirkomulag, sem fullnægi heldur ekki formskilyrðum 33. gr. víxillaga, sbr. 1. gr. 4. lið um gjalddaga víxils né 1. gr. 7. lið og 2. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda Guðna er því loks mótmælt, að með því að stefnandi fékk víxlana afhenta án útgáfudags og gjalddaga hafi honum með stoð í 10. gr. víxillaga verið heimilt að fylla út í þær eyður eða breyta þeim gjalddaga, sem hann hafði skráð.

Álit dómsins.

Samkvæmt gögnum málsins og málflutningi aðilja verður að leggja til grundvallar þá frásögn stefnanda, að stefndi Kristján hafi afhent honum umrædd skjöl og þau þá skort útgáfudag og gjalddaga til að öðlast víxlgildi. Einnig verður að leggja til grundvallar þá staðhæfingu stefnanda, að hann hafi í ágústmánuði árið 1980 vegna mistaka skráð á skjölin gjalddagann 12.6. 1980, en breytt því strax í 12.9. 1980. Gagnvart stefndu verður það eigi talin fölsun, þar sem ekki var um breytingu að ræða á þeim texta, sem skráður hafði verið á skjölin, er stefndu rituðu nöfn sín á þau, stefndi Guðni sem útgefandi og framseljandi og stefndi Kristján sem samþykkjandi.

Með því að stefndu létu skjölin frá sér án útgáfudags og gjalddaga, veitti það stefnanda heimild til að fylla út í þær eyður, sbr. 10. gr. laga nr.

93/1933. Eigi hefur verið sýnt fram á, að stefnandi hafi farið út fyrir þá heimild og áritun stefnanda á athugasemdinni „Án afsagnar,“ sem hann byggir engan rétt á, þykir engin áhrif hafa á vixilréttinn og bera að meta sem óskráða.

Með vísan til framanritaðs verða umræddir vixlar taldir fullgildir að formi og efni, eins og þeir liggja fyrir í sinni endanlegu mynd og afsagðir sökum greiðslufalls lögum samkvæmt. Ber því að taka kröfur stefnanda til greina að öðru leyti en því, að afsagnarkostnaður dæmist 68.- krónur í samræmi við framlagðar afsagnargerðir, og dráttarvextir ákvarðast 4.75% á mánuði frá 12. september 1980 til 1. júní 1981, 4.5% á mánuði frá þeim degi til 21. apríl 1982, 4% á mánuði frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 4.75% á mánuði frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma stefndu til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 23.000.- krónur.

Hlökkver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Vegna anna dómarans við önnur embættisverk og síðan fjarveru hefur uppkvaðning dómsins dregist.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Kristján Ólafsson og Guðni Stefánsson, greiði stefnanda, Gunnlaugi Óskarssyni, in solidum 104.500.- krónur með 4.75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða byrjaðan mánuð frá 12. september 1980 til 1. júní 1981, 4.5% dráttarvöxtum frá þeim degi til 21. apríl 1982, 4% dráttarvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 4.75% dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, 68.- krónur í afsagnarkostnað, 180.- krónur í stimipilgjald og 23.000.- krónur í málskostnað allt innan 15 daga frá birtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.